



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD



HJÚKRUNARFRÆÐI



Hjúkrunarfræðideild

- Hefur þú áhuga á fjölbreyttu, krefjandi og gefandi starfi?
- Viltu vinna náðið með fólki á öllum aldri?
- Viltu vinna við að bæta heilsu og líðan fólks?
- Viltu aðstoða fólk á erfiðum og góðum stundum?
- Viltu takast á við fjölbreyttar áskoranir í námi og starfi?

Þá gæti hjúkrunarfræði verið rétta námið fyrir þig.

Grunnnám

BS-nám í hjúkrunarfræði

BS-nám í hjúkrunarfræði er fjögurra ára sveigjanlegt staðnám til 240 eininga. Námið er fjölbreytt og tekur til allra aldurshópa og helstu heilsufarsvandamála nútímans. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og er ávallt tekið mið af helstu nýjungum í hjúkrunarfræði.

Færnisetur og klínískt nám

Í nútímalegu færnisetri fer fram herminám þar sem nemendur fá þjálfun og undirbúning fyrir klínískt nám sem fram fer á heilbrigðisstofnunum undir handleiðslu sérfræðinga. Klínískt nám hefst strax á fyrsta námsári. Lögð er áhersla á að virkja sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargáfu nemenda til að takast á við margbreytileg viðfangsefni hjúkrunar.

Starfsleyfi

BS-próf í hjúkrunarfræði veitir rétt til að sækja um starfsleyfi hjúkrunarfræðings, auk þess að opna leiðir að margs konar framhaldsnámi.

Karen Guðmundsdóttir, BS-nemi í Hjúkrunarfræði



„Ég ákvað að velja hjúkrunarfræði þar sem ég sá fram á fjölbreytilegt og spennandi nám. Námið er bæði bóklegt og verklegt sem gefur nemandanum innsýn inn í störf hjúkrunarfræðinga strax á fyrsta árinu. Starfið er gefandi og það heillar mig að vinna í kringum fólk þar sem ég get bætt heilsu þess og líðan. Það er auðvelt að fá vinnu tengda náminu á sumrin og að loknu námi eru svo margir möguleikar í boði.“



Inntökuskilyrði

Til að hefja nám við Hjúkrunarfræðideild gilda almennar inntökureglur Háskóla Íslands. Allir sem lokið hafa stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla eða viðurkenndu aðfararnámi að háskólum geta hafið nám í hjúkrunarfræði.

Samkeppnispróf eru haldin í lok fyrsta misseris og er prófað í öllum námskeiðum sem kennd eru á því misseri. Fjöldi nemenda sem boðið er sæti á vormisseri 1. námsárs er ákvarðaður af Háskólaráði og er að jafnaði um 120.

Auður Hávarsdóttir, BS-nemi í Hjúkrunarfræði



„Ég fór í hjúkrunarfræði af því að mér finnst ótrúlega skemmtilegt að vinna með fólki í fjölbreyttu starfsumhverfi. Í hjúkrunarfræði er bekkjarkerfi, sömu bekkjarfélagarnir fylgjast að í gegnum öll fjögur árin sem gerir okkur mjög samrýmd. Að auki fær maður starfsréttindi að loknu BSc námi. Grunnám í hjúkrunarfræði opnar einnig möguleika á fjölbreyttu framhaldsnámi. Þá heillaði það mig að sem hjúkrunarfræðingur er hægt að vinna út um allan heim og starfið felur í sér þverfaglega teymisvinnu með mörgum mismunandi starfsstéttum.“

Framhaldsnám

Hjúkrunarfræðideild býður upp á fjölbreytt úrval framhaldsnáms. Framhaldsnám opnar ýmsa möguleika hvort sem ætlunin er að verða klínískur sérfræðingur, vinna við rannsóknir, starfa sjálfstætt, sinna kennslu, gegna stjórnunarstarfi, vinna að auknu öryggi sjúklinga eða efla og styrkja heilbrigðisþjónustu..

- MS-nám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði
- Diplómanám á MS-stigi á ýmsum sérsviðum hjúkrunar
- Doktorsnám

Að námi loknu

Útskrifaðir nemendur Hjúkrunarfræðideildar eru eftirsóttir starfsmenn um allan heim og eru gæði námsins mikil en samkvæmt flokkun Shanghai Rankings (ARWU) raðast hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands í 100. til 150. sæti af öllum hjúkrunarfræðideildum í heiminum.

Störf hjúkrunarfræðinga eru fjölbreytt og miða að því að bæta líðan og heilsu skjólstæðinga þeirra. Námskrárþróun við Hjúkrunarfræðideild byggist á fjölbreyttum samþykktum og framtíðarspám um heilbrigðisþarfir og þróun heilbrigðisþjónustu.

Starfsvettvangur

Einstaklingar með hjúkrunarfræðimenntun eru eftirsóttir víða og eiga auðvelt með að fá starf við sitt hæfi. Nokkur dæmi um störf sem hjúkrunarfræðingar starfa við eru:

- Sjúkrahús við hjúkrun mikið veikra einstaklinga m.a. gjörgæslu, móttöku bráðveikra fullorðinna og barna auk eftirfylgdar með langveikum.
- Heilsugæslustöðvar við ung- og smábarnaeftirlit, skólahjúkrun auk fræðslu og forvarna um ýmis heilsutengd málefni.
- Hjúkrunarheimili með öldruðum og langveikum
- Heimahjúkrun
- Hjálparstarf erlendis
- Endurhæfing
- Geðvernd
- Áfengis- og vímuefnaeðferð
- Stjórnun fyrirtækja og stofnana
- Vísinda- og fræðistörf

Félagslíf

Curator, nemendafélag hjúkrunarfræðinema, heldur uppi öflugum félagslífi með fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum innan sem utan deildar, sem miða að því að þjappa nemendum saman. Félagið er virkt á samfélagsmiðlum og er mikilvæg rödd nemenda í málefnum sem tengjast deildinni og náminu.

Skiptinám

Hjúkrunarfræðideild leggur áherslu á þátttöku nemenda í alþjóðlegum námskeiðum og skiptinámi. Deildin er aðili að Nordplus netunum; Norlys, Nordsne, Nordannet, Nordinnet, Nordejordemodern og Medico.



Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi í rannsóknum og nýsköpun á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki við menntun heilbrigðisstarfsfólks hér á landi.

Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnanir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinnra fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafólk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.

Hjúkrunarfræðideild · Eirberg · Eiríksgötu 34 · 101 Reykjavík · Sími: 525 4960 · Fax: 525 4963 · hjukrun@hi.is

www.hjukrun.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD